

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	17/10 2017
Málsnr:	1706369
Bréfal:	250



Bæjarstjórn Hafnarfjarðar  
Ráðhús Hafnarfjarðar  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfjörður

Hafnarfirði 12. október 2017

**Efni: Undirbúningur að byggingu reiðhalla hjá Hestamannafélaginu Sörli**

Á bæjarráðsfundum í vor var rætt um að hálfu bæjarfulltrúa að skipa starfshóp til að meta þörf Sörli á nýju íþróttamannvirki. Enn hefur stjórn Sörli ekkert heyrt frá bæjarráði varðandi málið.

Með þessu bréfi óskar stjórn Sörli eftir því við bæjarstjórn að ofangreind vinna verð sett af stað sem fyrst. Í þessu samhengi vill stjórn Sörli minna á tillögur millipinganefndar IBH og samþykktir sem gerðar voru á síðastliðnu IBH þingi. En þar var lagt til að Sörli fengi fjárveitingu til byggingu reiðhalla sem myndi skiptast niður á næstu þrjú ár. Áriðandi er að okkar verkefni komist inn á fjárhagsáætlun fyrir árið 2018.

Í Sörli eru um 750 félagsmenn þar af 200 börn 17 ára og yngri. Aðstaða Sörli til kennslu er einn kennslusalur (20x40m.). Í einni kennslustund geta að hámarki verið fjórir einstaklingar. Heppilegasta einingin er tveir í einni kennslustund. Eins og staðan er núna er eingungis hægt að bjóða upp á kennslu frá kl. 17:00 á virkum dögum og um helgar, þar sem börn sem stunda hestamennsku eru háð því að foreldrar eða forráðamenn aki þeim á staðinn. Engar almenningssamgöngur eru uppi Sörli. Miðað við núverandi aðstöðu er einungis hægt að halda uppi kennslu fyrir 30 – 40 börn á vetri. Síðan eru eldri félagsmenn/iðkendur sem félagið vill gjarnan geta boðið uppá inniáðstöðu. Félagið hefur reyndar einnig verið háð því að taka frá tíma til útleigu á reiðskemmum til að fjármagna reglubundið viðhald, þar sem Hafnarfjarðarbær hefur ekki getað komið til móts við brýnustu þarfir um viðhald á reiðhöllinni. Félagið hefur sjáft séð um allt viðhald á gólfi sem þarf að sinna reglulega. Nýbúið er að skipta um klæðningar á veggjum í reiðskemmum þar sem eldri klæðningar voru orðnar fúnar og hættulegar.

Miðað við núverandi aðstöðu hefur félagið ekki tók á að halda viðburði innandyra. Bæði er reiðskemman of lítil og áhofendaaðstaða óviðunandi. Einnig er algengt í hestaíþróttum að halda sýnikennslur bæði fyrir börn og fullorðna en aðstaðan í Sörli býður vart uppá það.

Í nágrennasveitarfélögum hefur verið mikil uppbygging á svæðum hestamanna og óskum við eindregið eftir því að svipuð uppbygging eigi sér einnig stað í Hafnarfirði. Frá náttúrunnar hendi býr Hafnarfjarðarbær að fegursta svæðinu til þess að stunda hestamennsku og hestaíþróttir á höfuðborgarsvæðinu. Uppbygging á svæðinu myndi laða að bæði húsbýggjendur og fleira hestaíþróttafólk í Hafnarfjörð.

Virðingarfyllt.

Thelma Víglundsdóttir  
Formaður Hestamannafélagsins Sörli.